



Alþingi
Nefndasvið - atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi 16. febrúar 2015

Efni: Umsögn stjórnar SASS um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 244. mál.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt af hálfu stjórnar SASS og send nefndasviði Alþingis 7. nóvember sl.

„Samtök sunnleuskra sveitarfélaga styðja eindregið þingsályktunartillögu um að flytja Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk. Ljóst er eftir vandaða umfjöllun verkefnisstjórnar, og fagshóps á hennar vegum, að óvissa vegna áhrifa virkjunarinnar á laxastofna er það lítil að réttlæt看legt er að færa virkjunina í nýtingarflokk á nýjan leik. Samtökin leggja áherslu á að áfram verði haldið við að meta fimm virkjunarkosti sem í meðförum Alþingis voru færðir úr nýtingarflokki í biðflokk, þannig að hægt verði að taka endanlega afstöðu til þeirra tveggja virkjunarkosta sem ekki fengu fullnægjandi mat í meðförum fyrri verkefnisstjórnar.“

Umsögninni var fylgt eftir á fundi atvinnuveganefndar Alþingis 11. nóvember sl.

„Stjórn SASS leggur áherslu á að Alþingi afgreiði málið á grundvelli þeirra vönduðu þverfaglegu vinnu sem unnin var á vegum verkefnisstjórnar rammaáætlunar og tillögum hennar um flokkun virkjunarkostanna í verndarflokk, biðflokk og nýtingarflokk. Samkvæmt tillögum verkefnisstjórnar voru fjórir af sex vatnsaflsvirkjunarkostum á Suðurlandi í nýtingarflokki. Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að þeir fari allir í biðflokk. Að mati stjórnar SASS er það óviðunandi bæði vegna þess að ekki eru færð sterk rök fyrir þeim tillögum og einnig er um brýnt hagsmunamál að ræða fyrir sunnlendinga vegna þeirrar atvinnuuppbyggingar sem gera má ráð fyrir að fylgi í kjölfarið. Stjórn SASS skorar því á Alþingi að farið verði að tillögum verkefnisstjórnar um þá virkjunarkosti sem fara eigi í nýtingarflokk.“

Stjórn SASS er enn þeirrar skoðunar að færa eigi Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk.

Stjórn SASS tekur undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga og gerir ekki athugasemd við að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun færist úr biðflokki í nýtingarflokk. Einnig má benda á báðar þessar virkjanir hafa verið samþykktar í sveitarstjórn mótatkvæðalaust eftir að ljóst var, að mati sveitarstjórnar, að rétt hafi verið staðið að hlutunum.

Varðandi Skrokkölduvirkjun er rétt að minna á að órökstuddur flutningur þeirra virkunar í nýtingarflokk er ótrúverðugur þar sem hann byggir ekki á þverfaglegri vinnu verkefnisstjórnar rammaáætlunar.

Hvað varðar Hagavatnsvirkjun hefur hún sérstöðu að því leyti að hún hefur ekki verið tekin til afgreiðslu í verkefnastjórn. Stjórn SASS telur að um fáar virkjanir hafi verið meira fjallað og



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

fyrirliggjandi eru niðurstöður úr fjölmörgum rannsóknum. Stjórnin tekur undir málflutning sveitarstjórnar Bláskógabyggðar að með framkvæmdum megi auka möguleika á landgræðslu og bæta lífsgæði íbúa á áhrifasvæði uppfoksins, m.ö.o. virkjunin hefði jákvæð umhverfisáhrif. Stjórnin SASS hvetur verkefnisstjórn 3ja áfanga rammaáætlunar að hraða umfjöllun sinni um Hagavatnsvirkjun þannig að ákvarðanir um flokkun virkjunarkosta sé vel ígrunduð.

Stjórn SASS vill að lokum árétta að raforka sem framleidd er á Suðurlandi verði í mun meira mæli nýtt til atvinnuuppbyggingar heima í héraði. Nú er staðan sú að um 50% af raforku framleiddri með vatnsafla kemur frá Suðurlandi og um 70% af raforku framleiddri með háhita. Einungis 4% af heildar raforkuframleiðslunni eru hins vegar nýtt á Suðurlandi.

Með vísan til afstöðu stjórnar, sbr. framgreint, telur hún ekki þörf á sérstakri umfjöllun um frávísunartillögu minnihluta atvinnuveganefndar.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri